



**104. fundur Byggðaráðs Múlapings
haldinn í fjarfundi, þriðjudaginn 23. janúar 2024
og hófst hann kl. 08:30**

Fundinn sátu:

Berglind Harpa Svavarsdóttir formaður, Vilhjálmur Jónsson varaformaður, Ívar Karl Hafliðason aðalmaður, Hildur Þórisdóttir aðalmaður, Helgi Hlynur Ásgrímsson aðalmaður, Björn Ingimarsson sveitarstjóri, Guðlaugur Sæbjörnsson fjármálastjóri og Inga Þorvaldsdóttir fundarritari.

Fundargerð ritaði: Inga Þorvaldsdóttir, fulltrúi sveitarstjóra

Dagskrá:

1. 202401001 - Fjármál 2024

Fjármálastjóri og sveitarstjóri fóru yfir og kynntu mál er varða fjármál og rekstur sveitarfélagsins.

2. 202311355 - Hafnargata 42B, sala

Fyrir liggja þrjú tilboð í Hafnargötu 42B á Seyðisfirði.

Undir þessum lið vakti Helgi Hlynur Ásgrímsson máls á mögulegu vanhæfi sínu vegna tengsla við einn tilboðsgjafann.

Formaður lagði málið fram til afgreiðslu sem var felld á jöfnu, 2 samþykkir (HHÁ,BHS) 2 á móti (HP,VJ) og einn sat hjá (ÍKH)

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlaþings samþykkir að taka tilboði Þrínns E. Gíslasonar í Hafnargötu 42B, á Seyðisfirði og er sveitarstjóra veitt umboð, fyrir hönd sveitarfélagsins, til að ganga frá sölu eignarinnar og undirrita öll skjöl því tengd.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

3. 202311354 - Hafnargata 44B (Sólbakki), sala

Fyrir liggja fjögur tilboð í Hafnargötu 44B á Seyðisfirði.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlaþings samþykkir að taka tilboði Snoturs ehf í Hafnargötu 44b, á Seyðisfirði og er sveitarstjóra veitt umboð, fyrir hönd sveitarfélagsins, til að ganga frá sölu eignarinnar og undirrita öll skjöl því tengd.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

4. 202310051 - Störf undanþegin verkfallsheimild 2024



Fyrir liggur listi yfir störf hjá Múlaþingi sem undanskilin eru verkfallsheimild árið 2024, komi til verkfalla, sbr. 19.gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986 með síðari breytingum og 2.gr. laga nr. 129/2020 um skrá yfir störf hjá sveitarfélögum sem heimild til verkfalls nær ekki til.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Að lokinni yfirferð yfir fyrirbyggjandi drög samþykkir byggðaráð listann og felur skrifstofustjóra að sjá til þess að listinn verði birtur í B-deild Stjórnartíðinda innan tilskilins frest.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

5. 202312015 - Beiðni um umsögn um geymslustað ökutækjaleigu, Hollywood ehf

Fyrir liggur beiðni frá Samgöngustofu um umsögn um staðsetningu ökutækjaleigu, Lux Campers ehf.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa Múlaþings staðfestir byggðaráð Múlaþings að umsókn Hollywood ehf. (Lux Campers), kt. 520521-1190, um rekstur ökutækjaleigu að Ekkjufellsseli, 701 Egilsstaðir, fellur að gildandi skilmálum aðalskipulags sveitarfélagsins.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

6. 202312232 - Fundargerðir svæðisráðs austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs

Fyrir liggur bókun frá 115. fundi svæðisráðs austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs þar sem óskað er eftir því að Múlaþing fjalli um mögulega uppbyggingu gestastofu á Egilsstöðum.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlaþings samþykkir að fela atvinnu- og menningarmálastjóra að láta leggja mat á kosti þess að ráðist verði í mögulega uppbyggingu gestastofu fyrir Vatnajökulspjóðgarð á Egilstöðum. Málið verður tekið til umfjöllunar í byggðaráði er niðurstaða úr þeirri vinnu liggur fyrir.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

7. 202301120 - Sveitarstjórnarbekkurinn

Fyrir liggja fjórar ábendingar og athugasemdir er fram komu á sveitarstjórnarbekknunum 16. desember 2023 og beint var til byggðaráðs til umfjöllunar og afgreiðslu.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlaþings mun taka þær athugasemdir er fram komu varðandi heilbrigðisþjónustu upp á fundi með fulltrúum HSA. Ábendingu varðandi lögreglusamþykkt sveitarfélagsins verði komið á framfæri við lögreglustjóra Austurlands og haldið verði áfram samtali við HMS varðandi mikilvægi þess að bregðast við húsnæðisþörf í sveitarfélaginu. Sveitarstjóra falið að sjá til þess að þeim er lögðu fram þau erindi er bærust byggðaráði verði svarað.



Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

8. 202309159 - Haustþing SSA og aðgerðaráætlanir 2023

Fyrir liggja hugmyndir skrifstofustjóra varðandi það í hvaða ferli tillögur haustþings SSA skuli fara hjá starfsfólki og fagráðum sveitarfélagsins.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlaþings gerir ekki athugasemdir við þær hugmyndir er liggja fyrir varðandi það í hvaða ferli tillögur haustþings SSA fari innan sveitarfélagsins og felur skrifstofustjóra að sjá til þess að vinna hefjist samkvæmt þeim.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

9. 202310203 - Samráðshópur um framtíðaruppbyggingu atvinnulífs á Seyðisfirði

Fyrir liggur fundargerð samráðshóps um framtíðaruppbyggingu atvinnulífs á Seyðisfirði, dags. 15.01.2024.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Í samræmi við þær áherslur er fram koma í fundargerð samráðshóps um framtíðaruppbyggingu atvinnulífs á Seyðisfirði felur byggðaráð sveitarstjóra að óska eftir því við innviðaráðherra að upplýst verði um tímasetningu upphafs framkvæmda við Fjarðarheiðargöng.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

10. 202401098 - Fundargerðir Sambands Íslenskra sveitarfélaga 2024

Fyrir liggur fundargerð stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga, dags. 12.01.2024.

Lagt fram til kynningar.

11. 202401099 - Fundargerðir stjórnar HEF 2024

Fyrir liggur fundargerð stjórnar HEF veitna, dags. 16.01.2024.

Lagt fram til kynningar.

12. 202401108 - Fundargerðir stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga 2024

Fyrir liggur fundargerð stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga, dags. 10.01.2024.

Lagt fram til kynningar.

13. 202311238 - Erindi varðandi Gamla Skóla

Inn á fundinn undir þessum til komu fulltrúar Skálanesseturs, þau Ólafur Örn Pétursson og Rannveig Þórhallsdóttir og gerðu grein fyrir þeim hugmyndum er viðkomandi hafa varðandi framtíðarnýtingu Gamla skóla á Seyðisfirði.



14. 202401058 - Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga 2024

Fyrir liggur boðun til landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga er verður haldið í Hörpu 14. mars nk.

Lagt fram til kynningar.

15. 202311208 - Unaós, næstu skref eftir bruna á fjárhúsi og hlöðu

Fyrir liggur erindi frá Framkvæmdasýslunni Ríkiseignum (FSRE) varðandi húsnæðismál jarðarinnar Unaós.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlaþings hefur ekki áform um að kaupa núverandi húsnæði jarðarinnar Unaós en leggur áherslu á að Framkvæmdasýslan Ríkiseignir (FSRE) bregðist við með þeim jákvæðum hætti þeim óskum er fram hafa komið varðandi endurbætur og uppbyggingu húsakosts á umræddri jörð.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

16. 202401087 - Sértaekur byggðakvóti, Djúpivogur

Fyrir liggur til umfjöllunar erindi frá Búlandstindi ehf. varðandi byggðakvóta á Djúpavogi.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Þar sem fyrir liggur að samningur Byggðastofnunar og Búlandstinds ehf./Ósness ehf. um sértaekan byggðakvóta rennur út á þessu ári leggur byggðaráð Múlaþings áherslu á að umræddur samningur verði endurnýjaður. Sá sértaeki byggðakvóti sem hér um ræðir hefur skipt sköpum í því að viðhalda atvinnustarfsemi á Djúpavogi undanfarin ár og áframhaldandi úthlutun mun hafa veruleg áhrif í þá veru að tryggja áframhaldandi trausta og uppbyggilega atvinnustarfsemi á Djúpavogi.

Samþykkt með 4 atkvæðum, einn sat hjá(HHÁ)

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:55

